

Hafnarfjörður 16.09.2016

Umhverfis og framkvæmdaráð Hafnarfjarðar

Í Hafnarfirði eru búsettir fjölmargir hundar en ekkert afgirt hundagerði er fyrir þá í bæjarfélaginu. Dýraverndunarfélag Hafnfirðinga mælist til að bærinn setji upp hundagerði við Óla Runstún þar sem að íbúar sem greitt hafa hundagjöld fengju aðstöðu til að sleppa hundum sínum. Þar yrði t.d. einnig aðstaða til þess að halda t.d. árlega keppni í hundafimi og yrði það fyrsti útistaðurinn á landinu, sem byði upp á slíka aðstöðu. Dýraverndunarfélag Hafnfirðinga bendir á að mikil þörf á slíku hundagerði en það gæti einnig auðveldað hundaeftirlit og verið hvati fyrir fólk til að skrá hunda sína.

Bestu kveðjur

f.h. Dýraverndunarfélags Hafnfirðinga

Helga Þórunn Sigurðardóttir